

Capacent Ráðningar

## HJÚKRUNARFORSTJÓRI



Reykhólar við Breiðafjörð eru notalegt þorp með rúmlega 120 íbúum. Á Reykhólum eru verslun, heilsugæsla, sundlaug, hárgreiðslustofa, bílaviðgerðir og ýmis önnur þjónusta. Reykhólahreppur er viðlendur og rómaður fyrir náttúrufegurð og fjölbreytt fuglalíf. Sveitarfélagið spannar alla Austur-Barðastrandarsýslu og þar á meðal mestan hluta Breiðafjarðareyja. Íbúafjöldinn er um 270 manns. Sjá nánar: [www.reykholar.is](http://www.reykholar.is)

### Reykhólahreppur auglýsir stöðu hjúkrunarforstjóra hjúkrunar- og dvalarheimilisins Barmahlíð.

Í Barmahlíð eru 11 starfsmenn. Heimilið hefur pláss fyrir 13 í hjúkrunarrýmum og 2 í dvalarrýmum. Lagt er upp með að veita íbúum heimilisins ávallt bestu þjónustu á hverjum tíma og vera jafnframt aðlaðandi starfsvettvangur. Leitað er að kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingi með faglega sýn í öldrunarmálum.

#### Starfs- og ábyrgðarsvið hjúkrunarforstjóra:

- Fagleg ábyrgð á hjúkrunarþjónustu
- Umsjón með og ábyrgð á fjármálum, rekstri og stjórnun heimilisins
- Starfsmannamál, þ.m.t. umsjón með ráðningum og vaktaplönnum
- Hjúkrunarforstjóri er ábyrgur gagnvart stjórn Barmahlíðar

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólagráða í hjúkrunarfræði
- Framhaldsmenntun og reynsla í geðhjúkrun æskileg
- Þekking á RAI mati
- Farsæl stjórnunarreynsla og -hæfni áskilin
- Reynsla og/eða þekking af rekstri
- Hæfni í mannlegum samskiptum og góður samstarfsvilji

Um 85% starfshlutfall er að ræða. Launakjör eru samkvæmt samningum hjúkrunarfræðinga og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Viðkomandi á jafnframt kost á 15% stöðu hjúkrunarfræðings á heilsugæslu HVE á Reykhólum. Starfinu fylgir leiguíbúð sem er staðsett á efri hæð hjúkrunarheimilisins.

Umsóknarfrestur er til og með 25. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir ([helga.jonsdottir@capacent.is](mailto:helga.jonsdottir@capacent.is)) og Erik Christianson Chaillot ([erik.chaillot@capacent.is](mailto:erik.chaillot@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar  
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14  
Sími 540 1000

capacent



Jafnlaunaúttekt  
PwC  
2013

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlauna-  
úttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið  
greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir  
sömu eða jafnverðmæt störf.

## Sérfræðingur með áherslu á áhættu- stjórnun og greiningar

Landsvirkjun leitar eftir sérfræðingi til starfa á Orkusviði. Viðkomandi mun vinna í umboði framkvæmdastjóra sviðsins, einkum við málefni tengd áhættu við orkuvinnslu.

#### Helstu verkefni:


- > Umsjón og viðhald áhættuskrár
- > Samskipti við áhættustýringarnefnd
- > Verkefni tengd gæðamálum
- > Lykiltölugreiningar
- > Þátttaka í vinnuhópum
- > Skýrslugerð

Við leitum að einstaklingi með háskólamenntun á sviði verkfræði eða sambærilega menntun. Starfið krefst þekkingar og áhuga á áhættu- og gæðastjórnun, raforkukerfinu og hæfni í mannlegum samskiptum.

#### Sótt er um starfið á vef Capacent til og með 17. ágúst.

Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir hjá Capacent ([audur.bjarnadottir@capacent](mailto:audur.bjarnadottir@capacent)), Silja Jóhannesdóttir ([silja.johannesdottir@capacent.is](mailto:silja.johannesdottir@capacent.is)) og Brynjar Már Brynjólfsson á starfsmannasviði Landsvirkjunar ([brynjar.mar.brynjolfsson@landsvirkjun.is](mailto:brynjar.mar.brynjolfsson@landsvirkjun.is)).

Landsvirkjun



## STARFSKRAFTUR ÓSKAST

Samfés, samtök félagsmiðstöðva á Íslandi óskar eftir starfskrafti í hlutastarf á skrifstofu samtakanna.

### Helstu verkefni

- Umsjón með ungmennaráði Samfés
- Aðstoð við skipulagningu viðburða Samfés
- Önnur tilfallandi verkefni

Nánari upplýsingar eru að finna á [www.samfes.is](http://www.samfes.is)

Umsóknarfrestur er t.o.m. 17. ágúst 2014.

### Capacent Ráðningar

## GÆÐAEFTIRLIT



Icelandic Group er alþjóðlegt fyrirtæki með yfir sjö áratuga sögu í íslenskum sjávarútvegi. Hjá félaginu starfa um 1.800 manns í Evrópu og Asíu að því að stilla saman veiðar, vinnslu, flutning og sölu sjávarfangs um víða veröld. Heildarvelta fyrirtækisins er um 100 milljarðar króna og er fyrirtækið eitt af 5 veltuhæstu fyrirtækjum á Íslandi.

Icelandic Group leitar að starfsmanni í gæðaeftirlit. Viðkomandi tekur út vörur hjá framleiðendum og fylgist með því að þær standist gæðakröfur Icelandic. Starfsstöð er í Reykjavík en viðkomandi mun ferðast töluvert innanlands auk einhverra ferðalaga utanlands. Um er að ræða mikilvægt starf í að viðhalda háum gæðakröfum á þeim sjávarafurðum sem Icelandic kaupir.

### Starfssvið:

- Afurðaskoðanir á land- og sjófrystum afurðum
- Leiðbeina framleiðendum í framleiðslu og gæðamálum
- Samskipti við erlenda kaupendur

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Fiskvinnslunám og/eða reynsla af störfum á sjó
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Reynsla af gæðamálum kostur
- Góð enskukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 17. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Elín Friðjónsdóttir (elin.fridjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar  
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14  
Sími 540 1000

capacent

### Capacent Ráðningar

## FORSTÖÐUMAÐUR FLUTNINGAMÁLA OG GÆÐASTJÓRNUNAR



Icelandic Group er alþjóðlegt fyrirtæki með yfir sjö áratuga sögu í íslenskum sjávarútvegi. Hjá félaginu starfa um 1.800 manns í Evrópu og Asíu að því að stilla saman veiðar, vinnslu, flutning og sölu sjávarfangs um víða veröld. Heildarvelta fyrirtækisins er um 100 milljarðar króna og er fyrirtækið eitt af 5 veltuhæstu fyrirtækjum á Íslandi.

Icelandic Group óskar eftir að ráða forstöðumann flutningamála og gæðastjórnunar. Um er að ræða fjölbreytt, krefjandi og áhugavert stjórnunarstarf í alþjóðlegu umhverfi.

### Starfssvið:

- Daglegur rekstur og stjórnun
- Yfirumsjón með flutningamálum fyrirtækisins
- Yfirumsjón og ábyrgð með gæðaeftirliti
- Áætlanagerð, eftirfylgni og kostnaðareftirlit
- Samskipti við innlenda birgja og opinbera aðila
- Samskipti við dótturfyrirtæki Icelandic erlendis

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði verkfræði, viðskipta eða önnur sambærileg menntun
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Leiðtogahæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla og þekking af flutningamiðlun
- Þekking á gæðastjórnun
- Reynsla og þekking á sjávarútvegi
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku

Umsóknarfrestur er til og með 17. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar  
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14  
Sími 540 1000

capacent



Capacent Ráðningar

## LÖGFRÆÐINGUR

ARNASON | FAKTOR  
INTELLECTUAL PROPERTY CONSULTING

ÁRNASON FAKTOR óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa. Leitað er að kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingi sem hefur áhuga á að vinna í sterku teymi starfsmanna fyrirtækisins.

## Starfssvið:

- Almenn ráðgjöf á sviði hugverkaréttar og þá sérstaklega á sviði vörumerkja, hönnunar, léna og einkaleyfa. Almenn ráðgjöf hvað varðar önnur auðkenni og hugverk í atvinnustarfsemi
- Almenn utnumhald, rekstur og vernd á framangreindum réttindum
- Önnur lögfræðileg vinna, svo sem samningagerð, er tengist vernd hugverka

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólagráða í lögfræði, cand.jur. eða meistargráða (5 ára nám í lögfræði áskilið)
- Áhugi og þekking á hugverkarétti æskileg og þá sérstaklega hugverkarétti á sviði iðnaðar
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti, mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Samskiptafærni og geta til að starfa í teymi
- Skipulagshæfileikar, samvirkusemi, sjálfstæði og áreiðanleiki

Árnason Faktor sérhæfir sig í ráðgjöf um vernd hugverka með sérstaka áherslu á þjónustu við íslenskt atvinnulíf. Starfsfólk okkar hefur áratuga reynslu á sviði hugverkaréttar og leggjum við mikla áherslu á þjálfun og þekkingaruppbyggingu starfsmanna til hagsbóta fyrir viðskiptavinum okkar. Starfsmenn félagsins hafa menntun og reynslu á sviði laga, tækni, raun- og hugvísinda.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).**

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir ([helga.jonsdottir@capacent.is](mailto:helga.jonsdottir@capacent.is)) og Erik Christianson Chaillot ([erik.chaillot@capacent.is](mailto:erik.chaillot@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar  
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14  
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

SVIÐSSTJÓRI FJÁRMÁLA-  
OG ÞJÓNUSTUSVIÐS


NORÐURORKA  
VIRÐING - FAGMENNSKA - TRAUST

Meginhlutverk Norðurorku hf. er að þjónusta heimili og atvinnulíf með vinnslu og dreifingu á heitu vatni og neysluvatni og rekstri dreifikerfis raforku og fráveitu. Norðurorka hf. starfar samkvæmt vottuðu gæðakerfi ISO 9001.

Norðurorka hf. leitar að framsæknum einstaklingi í stöðu sviðsstjóra fjármála- og þjónustusviðs. Staðan heyrir undir forstjóra og á sviðsstjóri sæti í framkvæmdaráði fyrirtækisins. Sviðsstjóri er ábyrgður fyrir fjármálum, bókhaldi, rekstri almennra tölvukerfa, rekstri þjónustuvera, birgðahaldi og fasteignaumsýslu. Í framkvæmdaráði eiga sæti 4 aðilar, allt karlmenn. Konur eru sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.

Norðurorka hf. rekur rafveitu og fráveitu á Akureyri, hitaveitu og vatnsveitu á Akureyri, Hrísey, Eyjafjarðarsveit og á Svalbarðsströnd. Þá rekur Norðurorka hf. hitaveitu á Ólafsfirði, Grenivík og í Hörgársveit og Fnjóskadal. Norðurorka hf. annast einnig fjárreiður og bókhald fyrir dóttur- og hlutdeildarfélag m.a. Fallorku ehf. sem framleiðir raforku og er að fullu í eigu Norðurorku hf.

## Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Ábyrgð á daglegri fjármálastjórn, bókhaldi og fjárreiðum
- Undirbúningur, gerð og eftirfylgni fjárhagsáætlana
- Ábyrgð á árshlutareikningi og ársuppgjöri
- Greining gagna og verkefnastjórnun
- Rekstur almennra upplýsingakerfa
- Þátttaka og frumkvæði að umbótastarfi
- Önnur verkefni eftir ákvörðun yfirmanns

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskiptafræðum, framhaldsmenntun æskileg
- Reynsla af áætlanagerð og fjármálastjórn
- Viðtæk fjármálaþekking
- Ögun og skipulag í vinnubrögðum
- Yfirburðahæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

**Umsóknarfrestur er til og með 24. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).**

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Þóra Pétursdóttir ([thora.petursdottir@capacent.is](mailto:thora.petursdottir@capacent.is)) og Helga Jónsdóttir ([helga.jonsdottir@capacent.is](mailto:helga.jonsdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum.


Capacent Ráðningar  
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14  
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á [WWW.CAPACENT.IS](http://WWW.CAPACENT.IS)

capacent



## Ert þú náttþrafn með ríka þjónustulund?

Hótel Klettur óskar eftir starfskrafti í móttöku. Um er að ræða næturvinnu og er vinnutíminn frá 19.30-7.30.

### Hæfniskröfur

Hæfni í samskiptum

Stundvísi

Samviskusemi

Rík þjónustulund

Góð íslensku og enskukunnátta

– kostur að kunna fleiri tungumál

Góð tölvukunnátta

Umsóknarfrestur til 17. ágúst 2014 og þarf viðkomandi að geta hafið störf strax. Umsóknir sendist á [sigurdur@hotelklettur.is](mailto:sigurdur@hotelklettur.is)



Mjöllnisholt 12-14, 101 Reykjavík / Sími 440 1600  
E-mail: [info@hotelklettur.is](mailto:info@hotelklettur.is) / [www.hotelklettur.is](http://www.hotelklettur.is)

ISLENSKA/STA.IS/ORK 69425 08/14

Orkuveitan er fjölbreyttur og lífandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi og möguleika starfsfólks til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.

Sótt er eftir starfsmönnum sem eru jákvæðir, sjálfstæðir í vinnubrögðum, með góða samstarfshæfni og mikla þjónustulund.

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um.

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar ásamt rökstuðningi um hæfni viðkomandi í starfið.

Sótt er um á: <https://starf.or.is>

Umsjón með úrvinnslu umsókna hefur Sólrun Kristjánsdóttir, starfsmannastjóri Orkuveitu Reykjavíkur, sem veitir nánari upplýsingar á: [starf@or.is](mailto:starf@or.is)

Umsóknarfrestur er til og með 25. ágúst 2014. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



### JAFNRÉTTISRÁÐ

Orkuveita Reykjavíkur hlaut jafnréttisviðurkenningu Jafnréttisráðs árin 2002 og 2013.

## NÝ TÆKIFÆRI HJÁ ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Orkuveita Reykjavíkur óskar eftir því að ráða sérfræðing í reikningshaldi á fjármálasviði og mannauðssérfræðing hjá Starfsmannamálum.

### Sérfræðingur í reikningshaldi

Fjármálasvið Orkuveitu Reykjavíkur leitar að sérfræðingi í reikningshaldi á uppgjörssviði.

### Starfssvið og helstu verkefni:

- Samstæðuuppgjör
- Verkefni við utanumhald og afstemmingar innri sölu
- Ýmis verkefni við utanumhald, skýrslugerð og skráningar í eignakerfi
- Skýrslugerð og greiningar við uppgjör
- Kennsla og leiðsögn til starfsmanna
- Gerð leiðbeininga og gæðaskjala
- Umsjón með gerð afstemminga

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í endurskoðun og reikningsskilum eða sambærileg menntun
- Reynsla af uppgjörsvinnu er skilyrði, t.d. 3 – 5 ára starfsreynsla frá endurskoðunarskrifstofu
- Góð þekking á virðisaukaskattslögum er æskileg
- Góð almenn tölvukunnátta
- Frumkvæði í starfi og sjálfstæði

### Mannauðssérfræðingur

Starfsmannamál Orkuveitu Reykjavíkur leita að mannauðssérfræðingi til að vinna að ráðningar- og fræðslumálum.

### Starfssvið og helstu verkefni:

- Umsjón með ráðningum og móttöku nýrra starfsmanna
- Ábyrgð á innleiðingu og viðhaldi rafrænnar fræðslu og þátttaka í að móta fræðsluefni
- Upplýsingagjöf og viðhald á innri síðu Starfsmannamála
- Þátttaka í ýmsum verkefnum Starfsmannamála

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, nám í mannauðsstjórnun eða sambærileg menntun æskileg
- Reynsla af ráðningum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti
- Frumkvæði, fagleg vinnubrögð og kraftur til að hrinda verkefnum í framkvæmd

HAGSÝNI - FRAMSÝNI - HEIÐARLEIKI



Orkuveita Reykjavíkur

# www.vinna.is

 **vinna.is**  
sími: 511 1144

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélag og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á: [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is), undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisfestnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun





# Spennandi störf á Keflavíkurflugvelli

## VERKEFNASTJÓRI Í VIÐSKIPTAEILD

Isavia leitar að metnaðarfullri og snjallri markaðsmanneskju í viðskiptadeild fyrirtækisins í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Gerð er krafa um háskólapróf á sviði viðskipta, markaðsmála eða þjónustu. Í boði er spennandi framtíðarstarf hjá fyrirtæki í miklum vexti.

### Á meðal verkefna eru:

- Þátttaka í stefnumótun fyrir markaðsráð verslunar- og veitingasvæðis FLE
- Framkvæmd á verkefnum fyrir markaðsráð
- Mótun og framkvæmd viðburða
- Umsjón með mati og greiningu á verslunar- og veitingaaðilum
- Umsjón og ábyrgð á efni um verslunar- og veitingaaðila á vefslðum og samfélagsmiðlum
- Samvinna í teymi með markaðs- og viðskiptadeild

## FLUGVALLARSTARFSMENN Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

Við leitum að kraftmiklu fólki til starfa á Keflavíkurflugvöll. Umsækjendur þurfa að vera heilsuhraustir og kröfur eru gerðar til líkamlegs atgervis. Aukin ökuréttindi og tölvukunnátta eru skilyrði auk þess sem iðnmenntun, vinnuvélapróf og reynsla af slökkvistörfum, snjóruðningi og hálkuvörnum eru kostir.

### Á meðal verkefna eru:

- Viðhald flugvallar og umhverfis hans
- Viðhald bifreiða, þungavinnuvéla og annarra tækja
- Þjörgunar- og slökkviþjónusta
- Snjóruðningur, hálkuvörnir og hreinsun aðskotahluta á flugvallarsvæðinu

**Umsækjandur þurfa að standast bakgrunnsskoðun ríkislögreglustjóra vegna aðgangs að haftasvæði flugverndar.** Isavia mun sjá umsækjendum fyrir þeirri þjálfun sem nauðsynleg er vegna starfsins. Þeir sem ráðnir verða munu hefja störf í dagvinnu en fara síðar á vaktir eftir atvikum.

Umsóknum skal skilað á rafrænu formi á [www.isavia.is/atvinna](http://www.isavia.is/atvinna). Umsóknarfrestur er til og með 20. ágúst.



### Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna

Hjá Isavia og dótturfélögum starfa um 850 manns. Helstu verkefni fyrirtækisins eru umsjón með uppbyggingu og rekstri flugvalla og að veita flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlandsflug, jafnt sem millilandaflug, auk yfirflugþjónustu fyrir Norður-Atlantshafið. Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.





intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir

■ .Net hugbúnaðarþróun

■ Kerfisrekstur

■ Java hugbúnaðarþróun

■ Navision forritun

Sjá nánari upplýsingar á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is)

Síðumúla 5 ■ 108 Reykjavík ■ sími 511 1225 ■ [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is)



Grundarfjarðarbær

## Lausar stöður á Leikskólanum Sólvöllum

Leikskólinn Sólvöllir er tveggja deilda leikskóli með um 60 nemendur frá eins til sex ára. Skólinn starfar eftir viðurkenndum hugmyndum og kenningum í uppeldisfræði. Unnið er með lífsleikniefni og ferlimöppur eru fyrir hvern nemanda.

### Leikskólastjóri

Leikskólastjóri ber fag- og rekstrarlega ábyrgð á starfi skólans. Leitað er að einstaklingi sem hefur skýra sýn í skólamálu og er reiðubúinn að leita nýrra leiða í skóla-starfi.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun og kennslureynsla er skilyrði
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar er æskileg
- Frumkvæði, metnaður, skipulagshæfni og leiðtoga-hæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Sigurlaug R. Sævarsdóttir, skrifstofustjóri, í síma 430 8500 eða með því að senda fyrirspurnir á [sigurlaug@grundarfjordur.is](mailto:sigurlaug@grundarfjordur.is). Umsóknir sendist á framangreint netfang.

Umsóknum um starfið skal fylgja greinargott yfirlit yfir menntun, fyrri störf, ábendingar um meðmælendur og annað það sem umsækjandi telur máli skipta.

Umsóknarfrestur er til 17. ágúst nk.

### Leikskólakennari

Leikskólakennari vinnur að uppeldi og menntun barna undir stjórn deildarstjóra samkvæmt starfslýsingu.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun eða önnur uppeldismenntun
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum er æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum og frumkvæði í starfi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

#### Nánari upplýsingar veitir

Matthildur S. Guðmundsdóttir, leikskólastjóri, í síma 438 6645 eða með því að senda fyrirspurnir á [matthildur@gfb.is](mailto:matthildur@gfb.is).

Sótt er um starfið á vefsíðu Grundarfjarðarbæjar, [www.grundarfjordur.is](http://www.grundarfjordur.is)

Umsóknarfrestur er til 17. ágúst nk.



prentmet  
HRADÞJÓNUSTA

## Ritari óskast í 50% framtíðarstarf

Prentmet, Lynghalsi 1 í Reykjavík óskar eftir ritara til framtíðarstarfa í 50% starf frá 13:00 -17:00.

Starfið er aðallega fólgið í símsvörun, móttöku viðskiptavina og reikningagerð.

Prentmet býður upp á hágæða prentun þar sem hraði, gæði og persónuleg þjónusta fara vel saman í framleiðslunni. Lögð er rík áhersla á að starfsfólki líði vel á vinnustað.

Við mat á umsóknum verður tekið sérstakt tillit til reynslu og þekkingar umsækjenda.

Óskað er eftir stundvísu og reglusömum aðila með framúrskarandi þjónustulund.

Nánari upplýsingar um starfið veitir framkvæmdastjóri mannauðsmála, s. 85 60 601, netfang: [ingasteina@prentmet.is](mailto:ingasteina@prentmet.is).

Atvinnuumsókn er á [www.prentmet.is](http://www.prentmet.is). Umsóknarfrestur er til 22. ágúst.

Prentmet er framsækin prentsmiðja með höfuðstöðvar að Lynghalsi 1 í Reykjavík og útibú á Akranesi og Selfossi

# Laus framtíðarstörf hjá KFC

FAXAFENI  
GRAFARHOLTI  
SUNDAGÖRÐUM  
HAFNARFIRÐI  
KÓPAVOGI  
MOSFELLSBÆ  
REYKJANESBÆ  
SELFOSSI

KFC.IS

## Vaktstjórar

Við leitum að skipulögðum og framtakssömum einstaklingum í fullt starf í vaktavinnu (2-2-3). Starfsreynsla úr sambærilegu umhverfi æskileg. Aðeins 24 ára og eldri koma til greina. Tvö stöðugildi í boði.

### Starfssvið:

Vaktstjóri er umsjónarmaður á vakt og ber ábyrgð á þjónustu, gæðum, uppgjöri, undirbúningi, frágangi o.fl.

### Hæfniskröfur:

- » Íslenskumælandi
- » Skipulags- og leiðtoga-hæfileikar
- » Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- » Góð almenn tölvukunnátta
- » Reynsla af veitingaþjónustu æskileg

## Afgreiðslufólk

Við óskum eftir að ráða brosmilt og þjónustulundað afgreiðslufólk, 18 ára og eldri, í fullt starf í vaktavinnu (2-2-3). Vinnutíminn er 10-22.

### Starfssvið:

Þjónusta við viðskiptavini, þrif, undirbúningur og frágangur á staðnum.

### Hæfniskröfur:

- » Íslenskumælandi
- » Stundvísi
- » Geti tekið tilsögn og farið að fyrirmælum
- » Geta til að vinna undir álagi
- » Með reynslu af afgreiðslustörfum
- » Glæðlyndi og liðleiki í samskiptum

Skemmtileg störf í góðu starfsumhverfi með hressu samstarfsfólki þar sem nákvæm vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi. Æskilegt að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst. Starfskjör okkar endurspeglar ábyrgð og árangur í starfi.

Áhugasamir senda umsókn með mynd til mannauðsstjóra KFC á netfangið [barbara@kfc.is](mailto:barbara@kfc.is) fyrir 25. ágúst.

SVO  gott



KFC®





## Starfsmaður í morgunverðarsal:

### Helstu verkefni:

Sjá um morgunverð og minibar hótelsins ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

**Vinnutími:** morgunvaktir, starfshlutfall 60 – 75%, með möguleika á 100%.

Leitað er að sjálfstæðum, þjónustulunduðum, stundvísu og áreiðanlegum einstaklingi með góða enskukunnáttu.

Reynsla af þjónustustörfum er kostur. Aldurstakmark er 22 ár.

Áhugasamir sendi umsókn og ferilskrá á [job@101hotel.is](mailto:job@101hotel.is) fyrir mánudaginn 18 ágúst n.k



## Björt framtíð auglýsir eftir framkvæmdastjóra

Björt framtíð auglýsir eftir skipulögðum, drífandi, úrræðagóðum og glaðbeittum einstaklingi til þess að gegna stöðu framkvæmdastjóra flokksins.

Framkvæmdastjóri starfar með framkvæmdastjórn Bjartrar framtíðar og sér um daglegan rekstur flokksins, ýmis samskipti inn á við og út á við, skipulagningu viðburða, fjáröflun, áætlanagerð og fleira.

Björt framtíð er frjálslýnt, grænt og víðsýnt stjórn málaafli sem starfar bæði á þingi og í sveitastjórnnum.

Áhugi á stjórn málum og stuðningur við aðferðir og áherslur Bjartrar framtíðar eru mikilvægt veganesti í starfinu.

Umsóknir berist til **Bjartrar framtíðar, Alþingi við Austurvöll**, eða á netfangið [bjortframtid@bjortframtid.is](mailto:bjortframtid@bjortframtid.is) fyrir **22.ágúst**.

**Krefjandi starf fyrir fólk sem vill betra Ísland**



**BJÖRT FRAMTÍÐ**

## Borgun leitar að öflugum hugbúnaðarsérfræðingi



### Helstu verkefni

- ▶ Þróun vef- og vefþjónustulausna Borgunar
- ▶ Þróun nýrra tæknilausna
- ▶ Innleiðing aðkeypra lausna
- ▶ Aðkoma að öllum þáttum hugbúnaðarþróunar, frá greiningu til innleiðingar
- ▶ Rekstrarstuðningur

### Menntun og hæfniskröfur

- ▶ Háskólapróf í tölvunarfræði, kerfisfræði eða sambærilegu
- ▶ Þekking og reynsla í forritun með .NET, Java og gagnagrunna
- ▶ Reynsla af fjölbreyttu tækni umhverfi er æskileg
- ▶ Færni í samskiptum, sjálfstæði, öguð vinnubrögð, metnaður, sköpunarkraftur og frumkvæði í starfi

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á [www.borgun.is](http://www.borgun.is). Umsóknarfrestur er til og með 18. ágúst nk. Nánari upplýsingar um starfið veitir Rákel Ýr Guðmundsdóttir mannauðsstjóri í síma 560 1561.



**BORGUN**

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | [www.borgun.is](http://www.borgun.is)



# Nokkur sæti laus



„Að gera daglegt líf fólks þægilegra fyrir sem flesta“ er sú hugmyndafræði sem við hjá IKEA höfum að leiðarljósi. Við leitum nú að fólki sem hefur áhuga á að vinna með okkur eftir þeirri hugmyndafræði. Við vinnum saman að því að bjóða alltaf upp á breitt vöruúrval, góða og hagnýta hönnun og lágt vöruverð sem flestir ráða við.

IKEA er rótgróið fyrirtæki þar sem um 260 manns starfa innan um hönnun á heimsvísu. Starfsemi fyrirtækisins býður upp á skapandi og skemmtileg störf í lífandi alþjóðlegu umhverfi þar sem miklir möguleikar eru á að þróast og vaxa í starfi. Deildir fyrirtækisins eru margar og störfin því fjölbreytt. Stuðlað er að lífandi og notalegu starfsumhverfi þar sem jákvæðni er höfð að leiðarljósi.

Við erum að ráða í fjölbreytt störf í versluninni. Kynntu þér málið á [www.IKEA.is](http://www.IKEA.is)




## CAPACENT RÁÐNINGAR

Ráðgjafar Capacent Ráðninga búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent



## KOMDU TIL LIÐS VIÐ OKKUR

### TÆKNIÞJÓNUSTA ICELANDAIR Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI ÓSKAR EFTIR FLUGVIRKJUM Í FRAMTÍÐARSTÖRF

Við leitum að öflugum liðsmönnum til starfa í tæknivæddu og alþjóðlegu umhverfi stærsta flugskýli landsins. Um er að ræða spennandi og krefjandi framtíðarstörf í góðu starfsumhverfi þar sem öryggi, áreiðanleiki og hágæðavinnubrögð eru höfð að leiðarljósi. Viðkomandi þarf að hafa áhuga á að ná árangri í starfi og hafa jafnframt metnað til að vinna sem hluti af öflugri liðsheild.

#### STARFSSVIÐ:

- Almenn flugvirkjastörf í stórskoðunum á B757-200/300
- Einnig koma til greina afleysingar í línu-umhverfi á Keflavíkurlflugvelli og störf á erlendri grundu, séu tilskilin réttindi fyrir hendi

#### HÆFNISKRÖFUR:

- Próf í flugvirkjun frá viðurkenndum skóla
- Lögð er áhersla á færni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg
- Reynsla af vinnu í tölvuvæddu umhverfi

#### Nánari upplýsingar veita:

Theodór Brynjólfsson | [tbrynjol@its.is](mailto:tbrynjol@its.is)  
Steinunn Una Sigurðardóttir | [unasig@icelandair.is](mailto:unasig@icelandair.is)

+ Umsóknir ásamt ferilskrá óskast fylltar út á [www.icelandair.is/umsokn](http://www.icelandair.is/umsokn) eigi síðar en 20. ágúst 2014. Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

ICELANDAIR





## Starfsmaður í tölvudeild (tölvvari)

Öflugt þjónustufyrirtæki í Reykjavík óskar eftir að ráða starfsmann í tölvudeild. Fyrirtækið er traust og rótgróið. Boðið er upp á góða vinnuáæstöðu og sanngjörn laun. Unnar eru vaktir á virkum dögum og aðra hverja helgi.

### Menntun og hæfnikröfur

- Menntun í kerfisfræði eða sambærileg menntun/ þekking/reynsla
- Kunnátta í rekstri á MS stýrikerfum
- Kunnátta í MS SQL gagnagrunnum
- Kunnátta í Linux stýrikerfum
- Kunnátta í vefumsjónarkerfum er kostur
- Þekking á öryggismálum er kostur
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum eru nauðsynlegir kostir

### Starfssvið

- Rekstur miðlægra upplýsingakerfa, bæði innra kerfis og útstöðva ásamt hýsingarumhverfi. Samskipti við aðrar deildir fyrirtækisins sem og viðskiptavinum
- Eftirlit/umsjón með vefsíðum fyrirtækisins. Seldar eru vörur í gegnum Netíð

### Upplýsingar veita:

Kristín Guðmundsdóttir  
kristin@hagvangur.is

Pórir Þorvarðarson  
thorir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 18. ágúst nk.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



## HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



Vesturferðir ehf. var stofnað árið 1993 og er í eigu yfir 50 fyrirtækja, einstaklinga og stofnana í vestfirskri ferðaþjónustu. Vesturferðir eru sölugátt fyrir alla ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Vesturferðir eru með skrifstofu á Ísafirði og gert er ráð fyrir að framkvæmdastjóri búi á norðanverðum Vestfjörðum.  
[www.vesturferdir.is](http://www.vesturferdir.is).

### Upplýsingar veitir:

Pórir Þorvarðarson  
thorir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 18. ágúst nk.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) ásamt kynningarbréfi og öðrum fylgiskjölum.



## HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

## Framkvæmdastjóri óskast

### Menntun og hæfnikröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er nauðsynleg
- Reynsla af stjórnun sérstaklega á sviði ferðaþjónustu er afar æskileg
- Reynsla af erlendu markaðs- og kynningarstarfi er æskileg
- Stjórnunar- og leiðtogaþæfileikar með áherslu á frumkvæði, samskiptahæfni og skipulögð vinnubrögð
- Góð tungumálakunnátta er nauðsynleg

### Starfssvið

- Dagleg stjórnun og yfirumsjón með starfsemi fyrirtækisins
- Stefnumótun, áætlanagerð, vörubrúun í samráði við ferðaþjónustu á svæðinu
- Skipulagning og þátttaka í markaðssetningu, samskipti við viðskiptavinum og samstarfsaðila
- Önnur verkefni í samráði við stjórn

### Upplýsingar veitir:

Inga Steinunn Arnardóttir  
inga@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

Umsóknarfrestur er til og með 17. ágúst.



## HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



SUBWAY® er alþjóðleg keðja með yfir 40 þúsund veitingastaði í rúmlega 100 löndum. Stjarnan ehf., einkaleyfishafi Subway á Íslandi, rekur 24 Subway veitingastaði á Íslandi sem staðsettir eru víða um land. Fyrsti veitingastaður Subway á Íslandi var opnaður árið 1994. Markmið Subway um allan heim er að bjóða upp á fjölbreyttan og bragðgóðan skyndibita með hollustu að leiðarljósi. Lögd er áhersla á að matseðillinn bjóði upp á bragðgóða valkosti sem henta heilbrigðum lífsstíl. Strangt gæðaeftirlit tryggir að matvæli uppfylli ströngustu skilyrði um ferskleika og gæði.

## Verslunarstjóri

Subway leitar að öflugum einstaklingi sem hefur áhuga á að ná árangri í starfi og efla frábæran hóp. Um er að ræða framtíðarstarf þar sem gerðar eru kröfur um fagleg vinnubrögð, rekstrarþekkingu, samskiptahæfni, frumkvæði, framúrskarandi þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.

### Helstu verkefni:

Verslunarstjóri stýrir daglegum rekstri verslunar og er leiðtogi á sínum veitingastað. Starf hans er mjög fjölbreytt enda tekur verslunarstjóri þátt í öllum daglegum störfum staðarins og ber ábyrgð á starfsmannastjórnun á sínum stað. Verslunarstjóri er ábyrgur fyrir pöntunum, uppgjörum, starfsmannamálum, þjónustu og afgreiðslu ásamt öllu öðru sem tilheyrir starfinu.

### Við leitum að:

Kraftmiklum starfsmanni með reynslu og þekkingu á stjórnun og rekstri. Viðkomandi þarf að vera sveigjanlegur og viðsýnn í starfi og hafa getu til að leiða hóp starfsmanna ásamt því að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu.

Góð laun í boði og árangurstengt hvatakerfi.

# www.hagvangur.is



## HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



## Húnaþing vestra

Hvammstangi í Húnaþingi vestra er stærsti þéttbýliskjarni sveitarfélagsins með um 600 íbúa en íbúar í Húnaþingi vestra eru um 1.200. Hvammstangi er í alfaraleið, aðeins 6 km. frá Þjóðvegi 1 og í u.þ.b. tveggja klst. akstursfjarlægð frá Reykjavík og Akureyri. Í Húnaþingi vestra er til staðar öll almenn opinber þjónusta auk annarrar fjölbreyttrar þjónustu. Möguleikar til útivistar, íþróttar, afþreyingar og félagsstarfa eru fjölmargir og því er Húnaþing vestra góður búsetukostur fyrir fjölskyldufólk. Skólar í Húnaþingi vestra eru grænfána-skólar. Þeir eru staðsettir á Hvammstanga og Borðeyri.

## Proskapjálfi/iðjubjálfi óskast í Húnaþing vestra

Húnaþing vestra óskar eftir þroskajálfa eða iðjubjálfa til starfa í 50 – 100% starf við skólabjónustu sveitarfélagsins. Starfið er laust frá 1. september 2014 eða eftir nánara samkomulagi.

### Helstu verkefni og ábyrgðarsvið

- Faglegt mat á þjónustuþörf fatlaðra barna og ungmenna og gerð einstaklingsáætla
- Faglegur stuðningur við fjölskyldur fatlaðra barna og ungmenna og eftirfylgd úrræða
- Félagsleg ráðgjöf og önnur verkefni innan skólabjónustu fyrir börn og ungmenni með sérþarfir
- Faglegur stuðningur við starfsfólk skóla og leikskóla

### Hæfniskröfur

- Starfsréttindi í þroskajálfun eða iðjubjálfun
- Þekking og reynsla af málefnum fatlaðra barna og ungmenna og nemenda með sérþarfir

- Skipulagshæfileikar
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að sýna frumkvæði í starfi og taka þátt í þverfaglegu samstarfi
- Bílpróf
- Íslenskukunnátta

Launakjör eru skv. kjarasamningi sveitarfélagsins við viðkomandi fagfélag.

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu berast skrifstofu Húnaþings vestra, Ráðhúsinu, Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga fyrir 23. ágúst, nk.

Nánari upplýsingar veitir Esther Hermannsdóttir, sviðsstjóri Fjölskyldusviðs, í síma 455 2413 og á netfangið esther@hunathing.is

## Við leikskólann Ásgarð Hvammstanga eru lausar stöður:

- Deildastjóri eldra stigs, 100% starf frá 15. september 2014.
- Matráður, 40% starf, mánudaga og þriðjudaga frá 1. september 2014.

### Við Borðeyrarskóla, samrekin leik- og grunnskóla er laus staða:

- Deildastjóri í leikskóla 70% starf frá 15. ágúst 2014. Í starfinu felst einnig umsjón með daglegum rekstri leik- og grunnskóla í samráði við skólastjórnendur leikskólans Ásgarðs og Grunnskóla Húnaþings vestra. Í Borðeyrarskóla eru sjö nemendur í grunnskóla og fimm nemendur í leikskóla.

### Við leitum að einstaklingum með:

- Tilskilda menntun
- Skipulagshæfileika
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að sýna frumkvæði í starfi og taka þátt í þverfaglegu samstarfi

Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi launanevndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga. Í samræmi við jafnréttisstefnu Húnaþings vestra eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störfin.

Upplýsingar um skólastarf í Húnaþingi vestra má finna á [www.leikskolinn.is/asgardur](http://www.leikskolinn.is/asgardur) og [www.skolatorg.is/kerfi/hunathingvestra/skoli/](http://www.skolatorg.is/kerfi/hunathingvestra/skoli/)

**Umsóknafrestur er til 23. ágúst næstkomandi.** Umsóknir ásamt ferilskrá skulu berast skrifstofu Húnaþings vestra, Ráðhúsinu, Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Frekari upplýsingar veitir Guðrún Lára Magnúsdóttir leikskólastjóri í síma 4552343/8918264

Skólastjórnendur

## ÁHUGA- OG AUKALEIKARAR ÓSKAST!

Við auglýsum eftir áhuga- og aukaleikurum fyrir sjónvarpsseríu sem tekin verður upp veturinn 2014-2015. Leikarar þurfa að hafa náð 20 ára aldri. Áhugasamir vinsamlegast sendið tölvupóst sem inniheldur andlitsmynd, aldur og símanúmer á netfangið: [aukaleikarar123@gmail.com](mailto:aukaleikarar123@gmail.com).



[www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJÖRÐARBÆJAR  
STRANDGATA 6  
220 HAFNARFJÖRÐUR  
SÍMI 585 5500  
FAX 585 5599

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Lausar stöður í leikskólum

- Álfasteinn** (555 6155 [alfasteinn@hafnarfjordur.is](mailto:alfasteinn@hafnarfjordur.is))  
**Leikskólakennari**
- Brekkuhvammur** (664 5853 [brekkuhvammur@hafnarfjordur.is](mailto:brekkuhvammur@hafnarfjordur.is))  
**Deildarstjóri**
- Hlíðarberg** (579 4300 [hliदारberg@hafnarfjordur.is](mailto:hliदारberg@hafnarfjordur.is))  
**Deildarstjóri**
- Leikskólakennari**
- Proskapjálfi**
- Hlíðarendi** (555 1440 [hliदारendi@hafnarfjordur.is](mailto:hliदारendi@hafnarfjordur.is))  
**Matreiðslumeistari (afleysing)**
- Hraunvallaskóli** (590 2881 [sigrunk@hraunvallaskoli.is](mailto:sigrunk@hraunvallaskoli.is))  
**Leikskólakennari**
- Leikskólasérkennari/þroskajálfi**
- Hvammur** (565 0499 [hvammur@hafnarfjordur.is](mailto:hvammur@hafnarfjordur.is))  
**Leikskólakennari**
- Proskapjálfi**
- Hörðuvellir** (555 0721 [horðuvellir@hafnarfjordur.is](mailto:horðuvellir@hafnarfjordur.is))  
**Leikskólakennari**
- Leikskólasérkennari/þroskajálfi**
- Stekkjars** (517 5920 [stekkjars@hafnarfjordur.is](mailto:stekkjars@hafnarfjordur.is))  
**Leikskólakennari**
- Leikskólasérkennari/þroskajálfi**
- Tjarnarás** (565 9710 [tjarnaras@hafnarfjordur.is](mailto:tjarnaras@hafnarfjordur.is))  
**Leikskólasérkennari**
- Proskapjálfi**
- Aðstoð í eldhúsi**
- Vesturkot** (565 0220 [vesturkot@hafnarfjordur.is](mailto:vesturkot@hafnarfjordur.is))  
**Leikskólakennari**

Allar upplýsingar veita skólastjórar viðkomandi skóla. Umsækjendum er bent á heimasíður skólanna til að kynna sér stefnur og starfsemina nánar.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.  
**Umsóknarfrestur er til 15. ágúst 2014**

Fræðslustjóri

# PENNAVINIR ÓSKAST!

## Launafulltrúi – 50% starf

Um framtíðarstarf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

### Starfssvið:

- Launavinnsla og umsjón með útborgun launa
- Upplýsingagjöf og samskipti við starfsfólk vegna launa- og kjaratengdra mála
- Tímaskýrslur
- Skýrslugerð
- Aðstoð og ráðgjöf til stjórnenda
- Önnur tilfallandi verkefni

### Hæfniskröfur:

- Reynsla af launavinnslu
- Þekking á DK launakerfi
- Þekking á Bakverði tímaskráningarkerfi
- Þekking á Navision er kostur
- Þekking á kjarasamningum og réttindum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Frumkvæði í starfi og öguð vinnubrögð skilyrði
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum

## Skiptiborð og móttaka – 50% starf

Um tímabundið starf er að ræða, eða til 31. desember 2014 og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

### Starfssvið:

- Almenn símsvörun fyrir fyrirtækið
- Móttaka viðskiptavina
- Almenn skrifstofustörf
- Önnur tilfallandi verkefni

### Hæfniskröfur:

- Góð almenn tölvukunnátta
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Áreiðanleiki og stundvísi

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsóknir og fyrirspurnir á [atvinna@penninn.is](mailto:atvinna@penninn.is) fyrir 18. ágúst nk. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Kringlunni  
Álfabakka 14b,

Laugavegi 77  
Smáralind  
Strandgötu 31, Hafnarfirði  
Keflavík - Sólvallagötu 2

Akranesi - Dalbraut 1  
Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36  
Penninn - Hallarmúla 4



Eymundsson

540 2000 | [penninn@penninn.is](mailto:penninn@penninn.is) | [www.penninn.is](http://www.penninn.is) | [www.eymundsson.is](http://www.eymundsson.is)





## Viltu efla grænt samfélag?

Umhverfisstofnun leitar að starfsmanni með áhuga á að efla grænt samfélag, m.a. með umhverfsvottun, hvernig fjölga megi Svansvottuð-um fyrirtækjum á Íslandi og bættri meðhöndlun úrgangs. Í boði er krefjandi starf í frjóu umhverfi sérfræðinga, þar sem áhersla er lögð á opin samskipti, þverfaglega vinnu, erlent samstarf og möguleika á að hafa áhrif á þróun starfs.

Ítarlegri upplýsingar um starfið og hæfniskröfur til þess er að finna á starfatorg.is og <http://www.umhverfisstofnun.is/storf-i-bodi/>

Umsóknarfrestur er til og með 25. ágúst 2014. Umsóknir skulu sendar til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík eða á netfangið [umhverfisstofnun@umhverfisstofnun.is](mailto:umhverfisstofnun@umhverfisstofnun.is)



## VIÐSKIPTA- OG MARKAÐSFULLTRÚI (CLIENT PARTNER) 50% STARFSHLUTFALL

FranklinCovey á Íslandi leitar að viðskipta- og markaðsfulltrúa. Starfið felst í því að styðja við áframhaldandi farsælan vöxt viðskiptavina FranklinCovey á Íslandi með virku framlagi á sviði sölu- og markaðsmála.

Unnið er náið með samstarfsmönnum FranklinCovey á Norðurlöndunum og í Bandaríkjunum. Boðið er upp á vandaða þjálfun og starfsþróun. Vinnutími er sveigjanlegur, miðast við hálf tölustund og starfsstöð er heimaskrifstofa auk starfsaðstöðu hjá FranklinCovey á Íslandi.

### HELSTU VERKEFNI:

- » Koma á og fylgja eftir ráðgefandi sölu- og viðskiptatengslum til fyrirtækja og stofnana hér á landi sem og erlendis.
- » Þátttaka í mótun markaðsstefnu og umsjón allra markaðsmála og almannatengsla.
- » Hafa umsjón með sölu og skipulagi opinna viðburða s.s. vinnustofum, námskeiðum, áskriftum og öðrum markaðsviðburðum.
- » Taka þátt í stjórnun viðskiptatengsla (Key Account Management).
- » Verkefni á sviði almannatengsla.
- » Aðlaga og/eða sérsníða efni og viðburði að þörfum viðskiptavina.
- » Önnur sérverkefni.

### HÆFNISKRÖFUR:

- » A.m.k. tveggja ára reynsla af sölu og eftirfylgni viðskiptatengsla á fyrirtækjamarkaði.
- » Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- » Góð þekking á grunnþáttum í stjórnendabjálfun, leiðtogafræðum, framleiðni og tíma-stjórnun, sölustjórnun, stefnumörkun og innleiðingu stefnu og verkefnastjórnun.
- » Tengsl og þekking á íslensku viðskiptaumhverfi er mikilvæg.
- » Rík samskiptafærni, frumkvæði, fagmennska, sveigjanleiki, þjónustulund, vinnugleði og sjálfstæð vinnubrögð.
- » Reynsla af rafrænni markaðssetningu og góð almenn tölvufærni.
- » Mjög gott vald á íslensku og ensku. Reynsla í textasmíð nauðsynleg.
- » Vandvirkni, samvirksemi og næmt auga fyrir hönnun.

### UM FRANKLINCOVEY

FranklinCovey sérhæfir sig í aukinni frammistöðu einstaklinga, teyma og vinnustaða. Við störfum í 149 löndum og höfum hlotið fjölda alþjóðlegra verðlauna fyrir námskeið okkar, matstæki og aðra þjónustu. Meðal viðskiptavina FranklinCovey eru 90% af Fortune 100 og 75% af Fortune 500 fyrirtækjum auk fjölda opinberra stofnana og menntastofnana. [www.franklincovey.is](http://www.franklincovey.is)

### Umsóknarfrestur er til og með 24. ágúst nk. Ráðið verður í starfið sem fyrst.

Umsjón með starfinu hefur Hildur Erla Björgvinsdóttir ([hildur@radum.is](mailto:hildur@radum.is)), 519 6770 hjá Ráðum atvinnustofu.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Ráðum, [www.radum.is](http://www.radum.is). Með umsókn skal fylgja greinargóð ferilskrá og kynningarbréf.

Vegmúla 2 | 108 Reykjavík | [www.radum.is](http://www.radum.is)

FAGMENNSKA SAMVINNA FRAMSÝNI VIRÐING

**ráðum**  
atvinnustofa



Fjármálasvið Íslandsbanka

## Forstöðumaður Fjárstýringar

### Umsóknarfrestur er til og með 17. ágúst

Umsóknir óskast fylltar út á [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is) og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá.

Hlutverk Fjárstýringar er fjármögnun bankans með útgáfu skráðra skuldabréfa á innlendum og erlendum mörkuðum, innri verðlagning og stýring lausafjár-, gjaldmiðla- og vaxtaáhættu bankans.

Íslandsbanki óskar eftir að ráða forstöðumann Fjárstýringar. Forstöðumaður Fjárstýringar heyrir undir framkvæmdastjóra Fjármálasviðs (CFO).

### Helstu verkefni:

- Fjármögnun bankans, lausafjárstýring og innri fjármögnun
- Stýring á vaxta- og gjaldmiðlaáhættu
- Daglegur rekstur, uppbygging og þróun deildarinnar
- Leiða og móta sterka liðsheimild

### Hæfniskröfur:

- Reynsla af starfi á fjármálamarkaði
- Leiðtogaþæfni og færni í samningatækni
- Faglegur metnaður og öguð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku tungu

### Nánari upplýsingar:

Jón Guðni Ómarsson, framkvæmdastjóri Fjármálasviðs, 844 4758, [jon.omarsson@islandsbanki.is](mailto:jon.omarsson@islandsbanki.is)

Sigrún Ólafsdóttir, ráðningastjóri, 440 4172, [sigrun.olafs@islandsbanki.is](mailto:sigrun.olafs@islandsbanki.is)

Við bjóðum góða þjónustu. Hjá Íslandsbanka starfa um 1.000 starfsmenn. Við sækjumst eftir starfsfólki sem er jákvætt, faglegt og framsýnt og leitar ávallt bestu lausna fyrir viðskiptavinum bankans. Framtíðarsýn Íslandsbanka er að vera númer eitt í þjónustu.





Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

## Lausar stöður í grunnskólum, leikskólum og frístundaheimilum

Á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar eru lausar til umsóknar stöður grunnskólakennara, leikskólakennara, frístundaráðgjafa, frístundaleiðbeinenda, þroskaþjálfara, skólaliða og starfsfólks í stuðningi við börn ásamt fleiri störfum.

Upplýsingar um lausar stöður í grunnskólum, leikskólum og frístundaheimilum er að finna á vef Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf) þar sem hægt er að sækja um störf.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem við búum í. Reykjavíkurborg vinnur gegn mismunum á vinnumarkaði og hvetur innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk á öllum aldri til að sækja um störf hjá borginni.



1954  
2014 60

## TRÉSMIÐIR / RAFVIRKJAR

ÍAV er eitt stærsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins sem byggir á áratuga reynslu í mannvirkjagerð.

Verkefni ÍAV eru á öllum sviðum byggingariðnaðar hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, opinberar byggingar eða aðra mannvirkjagerð sem og jarðgangagerð og jarðvinnuframkvæmdir bæði hérlendis og erlendis.

